

10.02.2017



Starfshópur um Betri Reykjavík  
og Betri hverfi  
Lokaskýrsla



Reykjavíkurborg

## Innihald

Inngangur .....	2
Lýðræðisverkefni.....	3
Betri hverfi / Hverfið mitt .....	3
Betri Reykjavík.....	4
Önnur samráðsverkefni í Reykjavíkurborg .....	5
Velferðarsvið: .....	5
Skóla og frístundasvið.....	6
Mannréttindaskrifstofa .....	7
Menningar og ferðamálasvið .....	7
Umhverfis og skipulagssvið .....	8
Tillögur starfshópsins .....	9
Tillögur um bætt verklag vegna verkefnisins Hverfið mitt .....	9
Tillögur að bættu verklagi vegna verkefnisins Betri Reykjavík.....	10
Framtíðarsýn lýðræðismála.....	11
Um hvað er samráð og hvaða aðferð er rétt að beita?.....	11
Stefnumörkun.....	12
Samráð.....	12
Hugmyndir .....	12
Betri þjónusta .....	13
Tillögur .....	13
Atkvæðagreiðslur .....	13
Skipulagsmál.....	13
Fjárhagsáætlun .....	14
Samfélagsmiðlar .....	14
Mínar síður .....	14
Lokaorð .....	14
Ítarefni .....	16

## Inngangur

Með erindisbréfi dagsettu þann 9. febrúar 2016 skipaði borgarritari starfshóp sem hafði tvíþætt hlutverk, annars vegar að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi verkefnisins Betri hverfa og hins vegar að gera tillögu að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar.

Í vinnu sinni horfði hópurinn til úttektar stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands sem kom út þann 18. janúar 2016 en stofnunin gerði úttekt á verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfi á grundvelli ákvörðunar í stjórnarsáttmála meirihluta borgarstjórnar dags. 11. júní 2014. Hópurinn horfði einnig til þeirra ábendinga sem fram hafa komið við framkvæmd verkefnisins undanfarin ár. Hópurinn skipuðu Unnur Margrét Arnardóttir, síðar Sonja Wium (formaður), Theódóra Sigurðardóttir og Hreinn Hreinsson frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ólafur Ólafsson frá umhverfis- og skipulagssviði og Eggert Ólafsson frá skrifstofu þjónustu og reksturs.

Starfshópurinn leitaði ráðgjafar hjá sérfræðingum bæði innan borgarkerfisins jafnt sem sérfræðingum utan þess.

Helstu verkefni starfshópsins eins og þau koma fram í erindisbréfi:

- Greining á helstu niðurstöðum ofangreindrar úttektar og gera tillögur að úrvinnslu ábendingana sem þar koma fram
- Tillögur að úrbótum byggt á reynslu þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem komið hafa að lýðræðisverkefnum og öðrum ábendingum sem komið hafa fram og ekki er fjallað um í skýrslu stofnunar stjórn mála og stjórnsýslufræða
- Samantekt upplýsinga um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar
- Tillaga að vinnulagi og hvernig samráð skuli háttað við hagsmunahópa við stefnumótun lýðræðismála
- Endurskoðun á verkferlum í Betri Reykjavík

Hópurinn skilaði áfangaskilum þann 3. mars 2016 í samræmi við erindisbréf og skilar nú lokaskýrslu. Fyrst eru lýðræðisverkefnum og öðrum samráðsverkefnum í borginni gerð skil. Því næst eru lagðar fram tillögur að endurbættum verkferlum í verkefnum Betri Reykjavík og Hverfið mitt. Að lokum er framtíðarsýn lýðræðismála í Reykjavíkurborg ásamt umræðu um innihald lýðræðisstefnu og aðrir mikilvægir þættir dregnir fram.

## Lýðræðisverkefni

Á meðal verkefna hópsins var að gera samantekt um þau lýðræðisverkefni sem unnið er að hjá Reykjavíkurborg. Hópurinn sendi fyrirspurn til sviða og skrifstofa borgarinnar þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort sviðið eða skrifstofan hafi forræði yfir verkefnum sem gætu fallið undir lýðræðisverkefni, þ.e. verkefni þar sem íbúar geta haft bein eða óbein áhrif á ákvarðanatöku/verkefni/starfsemi viðkomandi sviðs eða skrifstofu.

Svarhlutfall var 100% en ekki töldu allar skrifstofur eða svið sig bera ábyrgð á verkefni sem félli undir skilgreininguna lýðræðis eða samráðsverkefni.

Svörin sem bárust gefa nokkuð góða mynd af því lýðræðisstarfi sem er hjá borginni. Skilgreining á lýðræðisverkefni er vissulega ónákvæm en spurningin var orðuð þannig að hugtakið lýðræðisverkefni var túlkað fremur vítt. Þannig var átt við þau verkefni og þá ákvarðanatöku eða starfsemi sem gefa íbúum eða hagsmunaaðilum tækifæri til að hafa bein eða óbein áhrif á starfsemi Reykjavíkurborgar.

Í þessum kafla verða helstu lýðræðis- og samráðsverkefni reifuð og verður fyrst farið yfir stærstu lýðræðisverkefni; Hverfið mitt og Betri Reykjavík. Þar á eftir verður fjallað um þau verkefni sem komu fram í svörum frá skrifstofum og sviðum borgarinnar.

### Betri hverfi / Hverfið mitt

Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Verkefnið felur í sér árlegar bindandi kosningar um nýframkvæmda- og viðhaldsverkefni sem íbúar setja inn á samráðsvefinn í hugmyndasöfnun sem fram fer í aðdraganda kosninga.

Kosningar hafa verið haldnar fimm sinnum á árunum 2012-2016, alls hafa 627 verkefni hlotið kosningu á þeim tíma. Öll kosin verkefni hafa verið framkvæmd utan þeirra 112 sem hlutu kosningu árið 2016 en þau koma til framkvæmda sumarið 2017.

Heildarfjárhæð sem ráðstafað hefur verið í verkefni á árunum 2012-2016 er alls 1.650.000 milljónir króna og skiptist þannig að árin 2012-2015 var 300 milljónum ráðstafað í verkefnið árlega en árið 2016 var potturinn stækkaður í 450 milljónir króna.

Framkvæmdapottinum hefur verið úthlutað til hverfa eftir tiltekinni reiknireglu sem tekur mið að því að hvert hverfi fær ákveðna lágmarksfjárhæð en hinum hluta hennar er úthlutað eftir fjölda íbúa. Þannig hefur Breiðholt fengið stærsta pottinn en Kjalarnes þann minnsta.

Þátttaka í verkefninu hefur verið misjöfn eftir árum en árið 2012 var hún 8,1%, árið 2013 6,3%, árið 2014 5,7%, árið 2015 7,3%. Þá var slegið þátttökumet árið 2016 þegar þátttakan fór í 9,4%.

## **Betri Reykjavík / Þín rödd í ráðum borgarinnar**

Betri Reykjavík er samráðsvettvangur á netinu þar sem íbúum borgarinnar gefst tækifæri til að setja fram hugmyndir sínar um málefni er varða þjónustu og rekstur Reykjavíkurborgar. Verkefnið stendur yfir allt árið og er ekki bundið af hámarksfjárhæð.

Skráðir notendur setja fram hugmyndir, rökstyðja mál, segja skoðun sína eða gefa hugmyndum vægi með því að styðja þær eða greiða atkvæði sitt á móti þeim. Um leið og notandi setur fram hugmynd á Betri Reykjavík er litið á hana sem sameign borgarbúa og getur upphafleg hugmynd tekið breytingum í því samráðsferli sem þessi vettvangur býður uppá. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að taka hugmyndir af Betri Reykjavík til formlegar meðferðar á þann hátt að mánaðarlega fara fimm efstu hugmyndirnar til vinnslu hjá viðkomandi fagráði, standist þær skilyrði um fjölda meðatkvæða.

Alls eru tæplega 12.000 skráðir notendur Betri Reykjavíkur og fjöldi skráðra hugmynda frá upphafi rúmlega 3000. Af þeim hafa um 700 hugmyndir verið sendar inn í fagråd borgarinnar til afgreiðslu. Ekki er til áreiðanleg tölfræði um þær hugmyndir sem hafa verið framkvæmdar fyrir tilstuðlan Betri Reykjavíkur en við afgreiðslu hugmynda er hægt að velja þrjá möguleika; Samþykkt, hafnað eða í ferli.

Samkvæmt tölum sem birtast á síðunni má sjá að 232 hugmyndir hafa verið samþykktar, 182 hugmyndum hefur verið hafnað og 361 hugmynd er í ferli. Þessar tölur gefa þó ekki rétta mynd af afgreiðslu hugmynda í fagráðum, þar sem hún er oft ekki með afgerandi hætti þannig að erfitt er að sjá hvort hún verði framkvæmd í þeirri mynd sem hún er sett fram. Þá er algengast að afgreiða hugmyndir sem koma fram í Betri Reykjavík með því að leggja fram minnisblað frá viðkomandi sviði eða deild þar sem ekki er tekin bein afstaða til málsins heldur aðeins um að ræða fróðleik um ferli sem málið er í og stefnu borgarinnar í þeim efnum og síðan er minnisblaðið og umsögnin sem fram kemur í því samþykkt á fundi fagráðs.

Þann 31. maí 2016 tóku gildi breyttar reglur um útsendingu hugmynda af Betri Reykjavík, en þær breytingar komu í kjölfar áfangaskila starfshópsins. Reglurnar miða að því að hugmyndirnar þurfa að hafa náð að lágmarki 25 hreinum meðatkvæðum til þess að eiga möguleika á því að ná inn í fagráð.

Þessar hugmyndir, ásamt rökum og umræðum, eru sendar af verkefnastjóra á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til fagráða borgarinnar. Síðan þessar reglur tóku í maí 2016 og til ársloka þess sama árs hefur verkefnastjóri sent inn alls 12 hugmyndir í fagráð, en á sama tímabili árið 2015 voru 90 hugmyndir sendar í fagráðin. Því má segja að virknin á vefnum sé með minnsta móti þessi misserin og ljóst að þörf er fyrir breytt fyrirkomulag á samráðsvefnum ef verkefnið á að skila settum markmiðum um raunverulegt íbúasamráð.

## Önnur samráðsverkefni hjá Reykjavíkurborg

### Velferðarsvið:

Svörin sem bárust frá velferðarsviði komu öll frá þjónustumiðstöðvunum og því má draga þá ályktun að það séu aðallega þjónustumiðstöðvarnar sem bjóða upp á einhverskonar samráðsvettvang við íbúa borgarinnar.

### Þjónustumiðstöð Breiðholts:

- Breiðholtsþing : Vettvangur fyrir íbúa til að eiga samtál við starfsmenn borgarinnar og ræða verkefni sem þeir geta sjálfir staðið fyrir.
- Skapandi samráð (Planning for real)- Samstarf hverfisstjóra, skólastjóra og umhverfis- og skipulagssviðs um aðferð sem nýtt er við að fá samtál og hugmyndir frá börnum í hverfinu. Módel smíðuð með þátttöku barna í öllum grunnskólum hverfisins sem þau mótuðu og skiluðu síðar til hverfisskipulagsins.
- Facebook – Samfélagsmiðlar nýttir mikið við samráð, samtál og til upplýsingamiðlunar. Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur snertiflöt við þrjár síður á samfélagsmiðlinum en síðurnar eru Breiðholt, nýstofnuð síða þjónustumiðstöðvarinnar og svo tvær síður í samstarfi við íbúasamtökin í hverfinu.
- Viðhorfskannanir á vefnum t.d. könnun um frístundastarf sem gerð var í samstarfi við Mentor.
- Rýnifundir með fötluðum einstaklingum, t.d. um Breiðholtsverkefnið og menntun.

### ***Þjónustumiðstöð háaleitis- bústaða og laugardals:***

- Notendasamráð og samráðshópur á Sléttuvegi. Í báðum tilvikum er um að ræða óbein áhrif á starfsemina.
- Aðkoma íbúasamtaka og ungmennaráðs að hverfisráðum í formi áheyrnafulltrúa
- Hugmyndakassar á félagsmiðstöðvum þar sem íbúar geti komið fram með óskir um félagsstarf og námskeið.
- Húsfundir í öllum þjónustukjörnum og sambýlum þar sem íbúar geta haft óbein áhrif á stjórnun og skipulag

### ***Þjónustumiðstöð miðborgar, hlíða og vesturbæjar***

- Ungmennaráð: Taka virkan þátt í hverfisráði, fá gögn fyrir fundi og hafa fengið kynningu á lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Ungmennaráð tók þátt í úrvinnslu niðurstaðna frá Rannsóknnum og greiningu 2015. Ungmennaráð fékk að koma með tillögur að úrbótum.
- Fróðir foreldrar verkefnið. Verkefni sem haldið var af stað með í haust í hverfum miðborgar, hlíða og vesturbæ. Verkefnið felur í sér að kalla eftir tillögum frá foreldrum og börnum í hverfinu um fræðsluefni. Síðar er unnin fræðsluáætlun fyrir foreldra skólaárið 2016-2017.
- Liðsinna íbúasamtökum
- Garðar í fóstur

### **Skóla- og frístundasvið**

- Fundir að tilmælum ungmennaráðs: Haldnir voru tveir fundir fyrir kennara, annars vegar um fjármálalæsi og hins vegar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Reykjavíkurráð ungmenna: Fulltrúar ráðsins hafa setið í skóla- og frístundaráði sem áheyrnarfulltrúar.
- Ungmennaráðin
- Barnaráð í frístundaheimilinum
- Réttindaskólalíkan: Verkefnið felst í því að valdir skólar og frístundaheimili í Reykjavík innleiða líkan en líkanið miðar að því að leggja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til grundvallar í öllu sínu starfi. . Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan skólasamfélagsins. Með verkefninu er skapaður rammi utan um þau markmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, jafnrétti og lýðræði.

- Lýðræði í leikskólastarfi: Leikskólinn Garðaborg vann þróunarverkefni um lýðræði 2012-2013 og hefur síðan unnið markvisst með lýðræði í sínu starfi. Einnig hefur leikskólinn Ægisborg hafið verkefni þar sem lýðræði verður tekin fyrir með markvissum hætti í daglegt starf.
- Önnur lýðræðisverkefni á starfsstöðvum SFS: Á skóla og frístundasviði eru ýmis stór og smá lýðræðisverkefni í gangi bæði í leik og grunnskólum ásamt í frístundastarfinu.

### **Mannréttindaskrifstofa**

- Opinn fundur mannréttindaráðs: Einn fundur á ári.
- Árlegir fundir öldungaráðs
- Innflytjendaráð
- Ofbeldisvarnarnefnd
- Fjölmenningsþing

### **Menningar- og ferðamálasvið**

Í skorkorti menningar- og ferðamálasviðs hefur að jafnaði verið undir velgengni þættinum „samstarf og samráð“ mælikvarðinn „fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun stefnumótun og ákvarðanatöku.“ Frá árinu 2009 hafa verið haldnir á bilinu 7-17 samráðsfundir eða aðgerðir sem hvetja til þátttöku almennings í starfi sviðsins. Dæmi um slíka viðburði eru eftirfarandi:

- Samráðsfundur menningar og ferðamálaráðs með félagsmönnum Bandalags íslenskra listamanna
- Málþing um hagræn áhrif menningar eða menningartölfræði
- Samráðsfundir Borgarsögusafns um fræðslu, annars vegar fyrir ungmenni og hins vegar fyrir fjölmenningu
- Samráðsfundur Borgarsögusafns- ný grunnsýning Sjóminjasafns
- Opinn samráðsfundur um hugmyndir vegna Barnamenningarhátíðar með skólafólki, menningarstofnunum, listamönnum ofl.
- Samráðsfundur vegna Jólaborgar 2015
- Hinir ýmsu samráðsfundir um árstíðarbundin verkefni sviðsins



## Umhverfis- og skipulagssvið

Á Umhverfis og skipulagssviði fer fram mikið samráð við íbúa vegna skipulagsmála enda er samráð bundið í lög um skipulagsmál. Í svörum frá umhverfis- og skipulagssviði kemur fram að eftirfandi verkefni eru þau helstu sem fela í sér íbúasamráð, listinn er ekki tæmandi:

- Samráð um skipulagsmál við opinbera umsagnaraðila skv. ákvæðum laga og reglugerða
- Samráð um skipulagsmál við almenning og aðra hagsmunaaðila
- Kynningar og kynningarfundir á skipulagslýsingum og skipulagstillögum
- Grenndarkynningar, vegna breytinga á deiliskipulagi og leyfisumsókna
- Samráð við Skipulagsstofnun
- Regluleg opin málþing á Kjarvalsstöðum um umhverfis- og skipulagsmál
- Reglulegir íbúa- og samráðsfundir vegna framkvæmda
- Kynningar og samráðsfundir með hagsmunaaðilum vegna framkvæmda
- Íbúafundir vegna hverfisskipulags
- Skapandi samráð í hverfisskólum; valfundir og módelsmíði vegna hverfisskipulags
- Skoðanakannanir og rýnihópar vegna hverfisskipulags
- Ráðstefna um loftslagsmál í Ráðhúsi
- Ráðstefna um framkvæmdaáætlun í úrgangsmálum á Kjarvalsstöðum
- Hjólavefsjá – leiðbeiningavefur fyrir hjólreiðafólk
- Framkvæmdasjá – kortavefur með yfirliti yfir framkvæmdir á vegum borgarinnar
- Borgarvefsjá – kortavefur með upplýsingum úr landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar
- Skipulagssjá – kortavefur með upplýsingum um samþykkt deiliskipulag og aðalskipulag borgarinnar
- Teikningavefur Reykjavíkurborgar með öllum aðaluppdráttum húsa borgarinnar
- Ábendingavefur Reykjavíkurborgar
- Facebooksíða Aðalskipulags
- Facebooksíða Grænna skrefa
- Facebooksíða Hverfisskipulags
- Facebooksíðan Reykjavík – iðandi af lífi, um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík
- Facebooksíða Grasagarðsins
- Fræðslustarf Grasagarðs Reykjavíkur fyrir almenning og skólahópa

- Þátttaka í Nýtniviku ásamt neytendasamtökunum. Vitundarvaking í úrgangsmálum.
- Þátttaka í samgönguviku með fjölþættri dagskrá og ráðstefnu
- Þátttaka í Betri Reykjavík
- Þátttaka í Betri hverfum
- Kannanir á ferðavenjum
- Kannanir á nagladekkjanotkun

## Tillögur starfshópsins

### Tillögur um bætt verklag vegna verkefnisins Hverfið mitt

Í áfangaskilum hópsins voru gerðar tillögur að breyttu fyrirkomulagi í verkefninu og kom reynsla á þær tillögur við framkvæmd verkefnisins nú í haust. Ekki var unnt að framkvæma allar breytingatillögur við framkvæmd verkefnisins árið 2016, annars vegar vegna tímaskorts og hins vegar vegna þeirrar staðreyndar að aðeins er starfsmaður í hálfu stöðugildi sem stýrir verkefninu. Sem dæmi var ekki raunhæft að starfsmaður verkefnisins ætti samtal við hugmyndahöfundu á meðan á hugmyndasöfnun stóð þar sem slíkt samtal er tímafrekt og ekki er hægt að bæta á vinnu verkefnastjórans eins og verkefnaskiptingu er háttað í núverandi fyrirkomulagi verkefnisins.

Einnig vill starfshópurinn líta til þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd verkefnisins síðastliðin ár og nota tækifærið til að gera fleiri tillögur að bættum verkferlum til þess að auka skilvirkni og skipulag verkefnisins og koma í veg fyrir þau vandamál sem hafa komið upp á hverju ári við framkvæmd þess.

Starfshópurinn vill gera eftirfarandi viðbótartillögur að breyttri framkvæmd verkefnisins til frambúðar:

- Að frumhönnun verði til frambúðar hluti af verkefninu en færist aftar í ferlið og aðeins þær hugmyndir sem koma til með að rata á kjörseðla verði frumhannaðar.
- Að ákveðinn verði lágmarksfjöldi meðatkvæða hugmynda áður en þær eru metnar af fagteymi umhverfis- og skipulagssviðs. Hópurinn leggur til að lágmarksfjöldi hreinnra meðatkvæða verði 10- 15.
- Að tímalína verkefnisins Hverfið mitt 2017 verði lengd og byrjað verði fyrr á því að undirbúa og framkvæma það. Þannig gefist meira svigrúm til þess að vanda til verka og mæta kröfum þeirra sem koma að verkefninu um meira svigrúm í tíma.

- Að framkvæmdir sem eru afurð verkefnisins Hverfið mitt 2017 séu merktar verkefninu sérstaklega ef hægt er.
- Betri tenging verði við vefsvæði Reykjavíkurborgar og hugað verði að samfelli í notendaviðmóti.

## Tillögur að bættu verklagi vegna verkefnisins Betri Reykjavík

Eitt af verkefnum starfshópsins var að gera tillögur að breyttu verklagi í verkefninu Betri Reykjavík, sem nú hefur fengið nafnið Þín rödd í ráðum borgarinnar.

Í næsta kafla er farið yfir framtíðarsýn í lýðræðismálum í borginni og þar er gert ráð fyrir að Betri Reykjavík / Þín rödd í ráðum borgarinnar verkefnið verði hluti af stærri heildarmynd um íbúasamráð. Starfshópurinn leggur engu að síður fram tillögur að bættu verklagi verkefnisins eins og það er starfrækt í dag til þess að bæta skilvirkni, samræmingu og gagnsæi.

Lítill virkni hefur verið í verkefninu síðastlið ár sem skýrist að einhverju leyti af þeirri staðreynd að vefurinn hefur lítið sem ekkert verið kynntur. Einnig mætti rekja litla virkni til þess hversu óskilvikt ferlið er í raun og þeirrar upplifunar margra notenda að vefurinn hafiekki staðið undir væntingum um þátttöku í ákvörðunarferli borgaryfirvalda.

Starfshópurinn gerir eftirfarandi tillögur að breyttum verkferlum vegna verkefnisins Betri Reykjavík/Þín rödd í ráðum borgarinnar:

- Vefurinn Betri Reykjavík verði felldur undir reykjavik.is og honum breytt í alhliða samráðs- og þátttökugátt (Engagement portal) þar sem settar verði fram upplýsingar um allt sem íbúar geta haft áhrif á á hverjum tíma. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um framtíðarsýn lýðræðismála.
- Valmöguleikum í afgreiðslu erinda verði breytt í verkefninu þannig að fleiri möguleikar verði en samþykkt eða hafnað.
- Reglur verði settar um málsmeðferð hugmynda sem sendar eru inn í fagráð. Þannig náist meira samræmi í svörum fagráða við hugmyndum sem sendar eru ráðunum til afgreiðslu.
- Að samráðsvefurinn bjóði upp á að svör fagráða verði sett inn á PDF-formi á vefinn og send hugmyndahöfundum og öðrum áhugasömum í tölvupósti. Þannig er tryggt að myndir sem kunna að fylgja rökstuðningi fagráða rati í hendur tillöguhafa.

- Að samráðsvefurinn bjóði upp á að sjálfkrafa skrifist út efstu hugmyndir í hverjum flokki sem standast skilyrði og berist verkefnastjóra í tölvupósti eða umsjónarkerfi. Verkefnastjóri sér svo um að koma þeim áfram í fagraðin og skrásetja þau eins og reglur gera ráð fyrir. Með því fyrirkomulagi sparast mikill tími og vinna verkefnastjóra við að skrifa upp hugmyndir af vefnum á Word-formi.

## Framtíðarsýn lýðræðismála

Þegar lýðræðisstefna er mótuð er markmiðið að skapa ramma utan um þátttöku íbúa í stefnumótun og ákvarðanatöku borgarinnar. Íbúar þurfa að vita hverjir þeirra möguleikar eru og borgin þarf að gera upp við sig hvert hlutverk íbúa á að vera og hversu langt hún vill ganga í samráði og þátttöku. Borgarkerfið þarf leiðsögn frá pólitískt kjörnum fulltrúum þar sem verið er að dreifa valdi og ekki æskilegt að ákvarðanir um samráð og þátttöku íbúa byggi á tilviljanakenndri ákvarðanatöku hér og þar í kerfinu.

Mikilvægt er að einblína ekki á eina leið heldur margar. Stöðugt þarf að meta hvaða leið hentar hverju verkefni og að gagnsæi sé um það hvenær leitað er samráðs við íbúa.

Markmiðið er að þáttökuleiðir séu skýrar og gagnsæar og að sá sem tekur þátt fái að fylgja ferli frá upphafi til enda. Einnig er áriðandi að kalla hlutina sínum réttu nöfnum og tryggja að væntingar séu réttar, lýðræði er ágætt orð en samráð og þátttaka eiga oft betur við.

## Um hvað er samráð og hvaða aðferð er rétt að beita?

Mikilvægt er að skapa mismunandi leiðir fyrir íbúa til að hafa áhrif, hvernig þeir geta haft áhrif og á hvað. Skoða þarf samspil samráðs, þátttöku og lýðræðis þannig að heildstæð hugsun liggja að baki og ljóst sé hvar beita eigi þessum aðferðum og hvar ekki.

### **Eftirfarandi eru dæmi um aðferðir við að efla þátttöku og samráð:**

Almennar ábendingar

Opnir fundir

Opnum fundum streymt á netinu og /eða í samstarfi við sjónvarp

Íbúaþing – þátttökuping

Vinnustofur

Skoðanakannanir

Samráðsferlar á vef eða samfélagsmiðlum

Fundir með hagsmunahópum

Fókushópar

Notendasamráð

### **Formleg stefnumörkun á ábyrgð pólitískra fulltrúa**

Með formlegri stefnu er átt við stefnu í tilteknum málaflokki eða um tiltekið efni þar sem kjörnir fulltrúar eða ráð borgarinnar leiða vinnuna.

Þegar formleg stefna er mótuð er samráð við íbúa sérstaklega mikilvægt til að tryggja áhrif þeirra þegar hinar stóru línur eru mótaðar. Hér gætu opnir kynningarfundir þar sem vinna við stefnumótun er kynnt, kallað eftir hugmyndum íbúa eða jafnvel drög að stefnu lögð fram og hugmyndir, ábendingar og tillögur skrifaðar niður og teknar til úrvinnslu.

Samráð á vef eða samfélagsmiðlum er önnur leið en þar mætti kalla eftir hugmyndum íbúa þegar stefna er samin og/eða leitað eftir ábendingum þegar drög liggja fyrir. Ferlið yrði útskýrt og öllum svarað. Allir sem tækju þátt fengju tilkynningar t.d. með tölvupósti eða smáskilaboðum þegar stefna er gefin út.

### **Samráð**

Samráð við íbúa verði skilgreint, um hvað eigi að hafa samráð og hvenær, og fjölbreyttir farvegir mótaðir. Því viðameiri ákvarðanir sem taka á því ríkara samráð. Markmiðið er að til verði ferlar sem hægt er að grípa til með skömmum fyrirvara og virkja. Hér væri t.d. hægt að nota opna fundi, s.s. í tilteknu hverfi, formleg íbúáþing með virkri þátttöku íbúa, fókushópa, skoðanakannanir, samráðsferla á vef o.fl. Hér skiptir mestu að samræmi sé í því hvenær samráði er beitt, í hvaða mæli og einnig að frumkvæðið geti komið frá öðrum en borgaryfirvöldum.

### **Hugmyndir**

Íbúar geti með einföldum hætti komið hugmyndum sínum á framfæri við borgina til dæmis í gegnum vettvang eins og Betri Reykjavík. Tryggt verði að ferlar verði í lagi, allar hugmyndir afgreiddar og ferlið sé gagnsætt frá upphafi til enda.

## Betri þjónusta

Íbúar geti með einföldum hætti komið á framfæri hugmyndum um bætta þjónustu. Tryggt verði að ferlar verði í lagi, allar hugmyndir afgreiddar og ferlið sé gagnsætt frá upphafi til enda.

## Tillögur

Íbúar geti tekið sig saman og samið formlegar tillögur sem fara fyrir ráð borgarinnar. Skilgreina þarf hvernig þeim ferlum verði háttáð og hvaða vettvangur eigi að vera fyrir íbúa, t.d. vefsvæði eða annað sem hentar.

Áhugavert væri einnig að leyfa íbúum að mæla fyrir tillögum sínum þar sem þær eru teknar fyrir t.d. í fagráðum eða borgarstjórn. Það er ágætlega þekkt og þróuð aðferð til að mynda í Bandaríkjunum.

## Atkvæðagreiðslur.

Þegar meiriháttar ákvarðanir standa fyrir dyrum ætti að meta hvort rétt væri að fara í íbúakosningu hvort heldur sem er í allri borginni eða í tilteknum hverfum. Þetta getur verið bæði dýrt og flókið og því þarf að huga vandlega að leikreglum og hversu oft eigi að beita þessari aðferð.

Íbúar geti einnig safnað undirskriftum um tiltekin mál og krafist íbúakosninga sbr. 2. mgr. 108.gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011. Reykjavíkurborg vekji athygli á þessari leið á vef sínum.

## Skipulagsmál

Auglýsingar og kynningar á deiliskipulagi verði endurskoðaðar þannig að tryggt verði að þeir sem næst búa hafi örugglega vitneskju um fyrirhugaðar breytingar og fyrir liggi hvernig þeir geti komið ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Þegar um nýtt skipulag eða meiriháttar breytingar á núverandi skipulagi er að ræða mætti setja upp samráðsvef þar sem skipulag er kynnt, samráðsferlar opnaðir og formleg ferli sett upp.

Ganga þarf lengra en lagaákvæði um grenndarkynningar segja til um og tryggja vitneskju allra sem hagsmuna hafa að gæta af breytingum á skipulagi.

## Fjárhagsáætlun

Helsta stefnumótunartæki borgaryfirvalda er fjárhagsáætlun hvers árs. Gera þarf ferlið við gerð fjárhagsáætlunar gagnsærra og opnara og finna leiðir til að auka áhrif íbúa með beinum hætti.

## Ábendingar

Alltaf verði opnar leiðir til ábendinga, öllu svarað og beint í réttan farveg. Tryggt sé að sá sem sendir inn ábendingu fái svar og geti fylgst með afgreiðslu ábendingarinnar.

Viðmót ábendinga verði einfalt og aðgengilegt í öllum tækjum.

## Samfélagsmiðlar

Nýta þarf samfélagsmiðla þar sem því verður við komið, bæði til samráðs og til kynningar samráðsverkefna. Samfélagsmiðlar eru ódýr leið en gera jafnframt kröfu um að þeir séu nýttir með réttum hætti. Þeir eiga ekki alltaf við en þar sem þeir eru það tæki sem íbúar nýta helst í samskiptum sín á milli er nauðsynlegt að borgin þrói leiðir til að nýta þá betur og mæta þannig íbúum á þeim stað sem þeim hentar best.

## Mínar síður

Mikilvægt er að íbúar upplifi þjónustu og samskipti sín við Reykjavíkurborg sem heildstæða, einfalda og skiljanlega. Best færi á því að öll samskipti færu fram á mínum síðum með öruggu auðkenni þegar um er að ræða formleg ferli jafnvel þótt mismunandi hugbúnaður kunni að liggja að baki.

Einnig er mikilvægt að tryggja að Reykjavíkurborg hafi full umráð yfir þeim lausnum sem notaðar eru.

Framsetning þessara þátttökuleiða getur verið með ýmsum hætti og í viðauka er að finna ýmis dæmi sem nota má til hliðsjónar.

## Lokaorð

Ljóst er að nú þegar fer fram mikið samráð við íbúa á ýmsum stöðum í borgarkerfinu. Heildarmyndin er þó ekki skýr og engar formlegar leikreglur gilda um hvenær beita skuli samráði eða hvaða aðferð henti best til samráðs. Hvergi er að finna leiðbeiningar eða tækjakistu sem gagnast getur í þessu skyni. Færa má rök fyrir því að þessum aðferðum væri

oftar beitt ef meiri þekking væri fyrir hendi og ef nauðsynleg tæki og tól væru aðgengileg. Æskilegt væri að við gerð lýðræðis- og þáttökustefnu væri fjallað um þetta og leitað leiða til að skapa skýrari ramma en nú er.

Sjá má fyrir sér þáttökugátt (engagement portal) á vef borgarinnar þar sem allir þessir möguleikar verði settir fram með skýrum og einföldum hætti. Þó er mikilvægt að binda sig ekki einni tæknilausn heldur fremur að nýta það besta sem í boði er hverju sinni og tengja saman í skiljanlega heild fyrir íbúa.

Fyrir íbúa er mikilvægt að vita hvar, hvenær og hvernig þeir geta haft áhrif. Sú vitneskja og festa í samskiptum er líkleg til þess að leiða til aukinnar virkni og áhrifa og færri óþarfa árekstra.



## Ítarefni

Bretland uk.gov

<https://petition.parliament.uk/>

Hvíta húsið – Your voice in the white house

<https://petitions.whitehouse.gov/>

Sydney your say

<http://www.cityofsydney.nsw.gov.au/community/participation/community-consultation>

Participate Melbourne

<http://participate.melbourne.vic.gov.au/>

Edmonton Canada

[https://www.edmonton.ca/programs\\_services/public-engagement.aspx](https://www.edmonton.ca/programs_services/public-engagement.aspx)

Bristol

<https://www.bristol.gov.uk/council-and-mayor/consultations-and-petitions>

UK GOV

<https://www.gov.uk/government/get-involved>

London

<https://www.london.gov.uk/get-involved>

Brighton and Hove

<https://www.brighton-hove.gov.uk/content/council-and-democracy>

Stefnur:

CLARENCE CITY COUNCIL

[http://www.ccc.tas.gov.au/webdata/resources/files/community\\_participation\\_policy.pdf](http://www.ccc.tas.gov.au/webdata/resources/files/community_participation_policy.pdf)